



# Rekstraráætlun 2018-2022



Samþykkt á stjórnarfundum SORPU bs. þann 29. september 2017



## EFNISYFIRLIT.

Greinargerð.....	5
Rekstrarreikningur.....	13
Efnahagsreikningur.....	14
Skuldir og eigið fé.....	15
Sjóðsstreymi.....	16
- Rekstur endurvinnslustöðva.....	17
- Tekjur endurvinnslustöðva.....	18
- Rekstur grenndargáma.....	19



## Greinargerð rekstraráætlunar


Rekstraráætlun SORPU bs., fyrir árin 2018 – 2022 samþykkt á stjórnarfundum þann 29.09.2017.

### INNGANGUR

Rekstur endurvinnslustöðvanna hefur á undanförunum árum verið þungur, sérstaklega þar sem erfitt hefur verið að spá fyrir um magn úrgangs og þá kostnað og þá hve mikið sveitarfélögin þurfa að bera af þeim kostnaði. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá þróun magns sem kemur gegnum endurvinnslustöðvarnar, en þar sést að ef fer fram sem horfir verður magnaukningin frá árinu 2010 yfir 80%. Um 90% af kostnaði endurvinnslustöðvanna samanstendur af eftirfarandi þáttum:

- Launakostnaður
- Eyðingargjöld
- Flutningur
- Gámaleiga

Launakostnaður er um 30% en hinir liðirnir eru um 60%. Síðari liðirnir (eyðingargjöld, flutningur og gámaleiga) eru beintengdir magni sem berst stöðvunum þ.e.a.s. eitthvað sem SORPA ræður lítt við og ræðst af aðstæðum í samfélaginu sem SORPA hefur enga stjórn á. Reynt hefur verið að bregðast við með því að leiðbeina íbúum um hvernig er hægt að flokka og þar með koma úrgangi í ódýrari meðhöndlun, en slíkt tekur tíma að skila árangri. Launakostnaður ákvarðast af kjarasamningum, starfsmati og vinnufyrirkomulagi og var m.a. opnunartíma breytt á síðasta ári í hagræðingarskyni. Því miður er magnaukning það mikil að hagræðingum sést ekki stað í niðurstöðutölum – þó má fullyrða að útgjöld sveitarfélaganna hefðu orðið enn hærri ef ekki hefði verið gripið til þessara aðgerða. Brýnt er að sveitarfélögin setjist niður og endurskoði fyrirkomulag endurvinnslustöðvanna – fjölda þeirra og staðsetningu. Sýnt hefur verið fram á að fækkun og sækun stöðva er eina raunhæfa leiðin til að ná niður kostnaði.



## FORSENDUR

Á eigendafundi þann 6. september 2017 voru settar fram meginforsendur fyrir rekstraráætlun SORPU, s.s um ytri forsendur og gjaldskrárbreytingar. Notaðar eru sömu forsendur og fyrir árið 2017 hvað varðar lántökur, framlag eigenda og framlag frá rekstri til stærri framkvæmda (gas- og jarðgerðarstöð). Þær helstu forsendur sem notaðar eru við útreikning á áætlun SORPU ársins 2017 eru eftirfarandi:

- Vísitala byggingarkostnaðar (neysluvísitala)
- Launabreytingar skv. kjarasamningum
- Launavísitala þar sem ekki liggja fyrir kjarasamningar


Gjaldskrá SORPU tekur breytingum tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí skv. breytingu á vísitölu. S.k. SORPU-vísitala er reiknuð sem 75% breyting á byggingavísitölu og 25% breyting á launavísitölu. Gjaldskrá fyrir helstu gjaldskrárflokka taka breytingum skv. þessari samsettu vísitölu. Sama vísitala er notuð til að bæta alla langtíma verktakasamninga og er það gert einu sinni á ári þann 1. janúar. Í forsendum eigenda (SSH) er birt spá um vísitölu neysliverðs og er hún notuð í stað áætlunar um breytingu á byggingavísitölu. Magn úrgangs fyrir árið 2018 er áætlað sama og magn úrgangs árið 2017 skv. útkomuspá byggt á 7 mánaða tölum. Þetta á þó ekki við um magn sem berst endurvinnslustöðvunum en í ljós hefur komið að sama nálgun getur ekki átt við á endurvinnslustöðvunum. Í stað þess er magn sem berts endurvinnslustöðvunum áætlað út frá spá um breytingu á einkaneyslu. Skipting úrgangs milli flokka er áætluð sú sama og árið 2017.

Miðað við þróun úrgangs á endurvinnslustöðvunum til júlíloka 2017 má gera ráð fyrir að heildarmagn úrgangs á endurvinnslustöðvunum árið 2017 verði tæp 47.000 tonn. Miðað við áætlaða vísitölu einkaneyslu gengur það nokkuð vel eftir. Áætlaða þróun magns á endurvinnslustöðvunum má sjá í næstu töflu:

### Áætlaðar magnbreytingar á endurvinnslustöðvunum:

	2017 <sup>1</sup>	2018	2019	2020	2021	2022
Vísitala einkaneyslu, vísitala=100 árið 2005	115,0	121,0	125,1	128,7	132,4	135,7
Magnvísitala, vísitala=100 árið 2005	124,2	134,3	141,0	146,8	152,3	157,2
Tilsvarandi mótttekið magn, tonn/ári	48.112	52.049	54.646	56.867	59.011	60.929

<sup>1</sup> Miðast við 7 mánaða magntölur



**Mynd 1.** Samband vísitölu einkaneyslu og magns á endurvinnslustöðvum – báðar vísitölur settar 100 árið 2005.

Verð fyrir endurvinnsluafurðir er áætlað það sama og árið 2017. Verð endurvinnsluafurða taka breytingum m.a. skv. heimsmarkaðsverði á olíu og kolum, markaðsverði á pappír, pappa og plasti og breytingum á gengi. Að auki hafa ákvarðanir Úrvinnslusjóðs áhrif á tekjur og/eða útgjöld af ákveðnum endurvinnsluefnum. Ekki er reynt að áætla fyrir breytingum á þessum þáttum heldur er notast við þekkt verð við gerð áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að sama magn af metani seljist á árinu 2018 og útkomuspá fyrir árið 2017 segir til um. Fram til 2019 er gert ráð fyrir óbreyttri sölu metans en hún taki kipp þegar ný gasgerðarstöð tekur til starfa.

Áætlun 2019 – 2022 er gerð á föstu verðlagi ársins 2018.



## FJÁRFESTINGAR

### Álfsnes

Stærsta einstaka fjárfestingin á næstu árum er bygging gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi. Heildar byggingarkostnaður er á þessu stigi áætlaður um 3,09 milljarðar fyrir gasgerðarstöð í Álfsnesi auk tengdra framkvæmda í móttökustöð í Gufunesi. Frekari undirbúningur hefur staðið yfir frá því eigendasamkomulag var undirritað um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar þann 25. október 2013. Fyrir liggur samþykkt eigenda á eigendafundi um framhald verkefnisins. Undirbúningur að byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar er þegar hafinn, en jarðvinna við væntanlega lóð var boðin út vorið 2015 og það verkefni klárað. Á þessu stigi er gert ráð fyrir að gas- og jarðgerðarstöð verði risin á seinni hluta árs 2018. Rétt þykir að gera grein fyrir fjárfestingarþörf í áætlunum SORPU þar sem um framkvæmd lagaskyldu er að ræða á verkviði SORPU bs. **Samþykkt rekstraráætlunar felur ekki í sér ákvörðun um fjármögnun verkefnisins heldur verður fjármögnunaráætlun lögð fyrir eigendur áður en endanleg ákvörðun er tekin í stjórn SORPU bs.** Í áætluninni eins og hún liggur fyrir nú, er gert ráð fyrir að eigendur leggi fram 700 milljónir í stofnfé fyrir nýjum framkvæmdum, hluti verði fjármagnaður af rekstri og hluti með lánum. Í áætluninni er gert ráð fyrir að eigendur leggi fram stofnfé árin 2018 og 2019. Gjaldskrá SORPU fyrir úrgang til urðunar var hækkuð um 1,00 kr /kg (án vsk) um áramótin 2014/2015 og er á þessu stigi ekki gert ráð fyrir að gjaldskráin hækki meira vegna þessa. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá áætlun um fjármögnun gasgerðarstöðvar og þeim framkvæmdum sem henni fylgja (breytingar í móttökustöð og hreinsistöð):

Áætlun um fjármögnun gas- og jarðgerðarstöðvar:

Fjármögnun	Ár				SAMTALS
	2016	2017	2018	2019	
Stofnfé			400	300	<b>700</b>
Langtíma lántaka			860		<b>860</b>
Skammtíma lántaka			600		<b>600</b>
Af rekstri	173	400	353		<b>869</b>
<b>SAMTALS</b>	<b>173</b>	<b>400</b>	<b>2.213</b>	<b>300</b>	<b>3.086</b>

Í áætluninni er gert ráð fyrir að skammtímalán tekin árið 2018 verði greitt upp á tveimur árum. Gert er ráð fyrir 4,5% vöxtum á lánum sem ekki er óeðlilegt í ljósi sögunnar.

Árin 2018 er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með uppfærslu á núverandi metanhreinsistöð í Álfsnesi og varabirgðum sé komið upp til að auka afhendingaröryggi. Er það framhald á verkefni sem verið hefur í gangi árin 2013 - 2017.

Á árunum 2019 – 2022 er gert ráð fyrir að hefja undirbúning að byggingu brennslustöðvar til að uppfylla frekar markmið um að draga úr urðun á úrgangi sem fram koma bæði í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingu, landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Fyrirséð er að ef áætlanir sem ganga undir heitinu „hringrásarhagkerfi“ hjá evrópusambandinu verða að veruleika, verða nýjar kröfur um takmörkun á urðun ekki uppfylltar nema með byggingu brennslustöðvar. Tímasetningar eru hins óljósar á þessu stigi.

Önnur fjárfesting í Álfsnesi er vegna reglubundinna viðhaldsverkefna/endurnýjunar s.s. kaup á hreyfanlegum/færanlegum vinnutækjum.





## Gufunes

Gert er ráð fyrir að fjárfesta þurfi í flokkunarbúnaði/undirbúningi fyrir vinnslu úrgangsins í gasgerðarstöð og er gert ráð fyrir að sú vinnsla fari fram í Gufunesi. Gert ráð fyrir að framkvæmdir vegna þessa hefjist árið 2018 og verði lokið á sama tíma og bygging gasgerðarstöðvar. Um er að ræða búnað til frekari forvinnslu s.s. vegna flokkunar, mólunar / kurlunar úrgangsins og skilvirkari flokkun málma. Gert er ráð fyrir að í Gufunesi fari fram allur undirbúningur úrgangsins fyrir gasgerð fyrir utan blöndun með stoðefnum en sú aðgerð verði framkvæmd í Álfsnesi.

Flokkun plastumbúða eftir svokallaðri Seltjarnarnesleið mun hefjast í byrjun árs 2018 og en fjárfesting vegna þessar er innan útkomuspár 2017.

Möttöku og flokkunarstöðin í Gufunesi er hönnuð fyrir 1990 og þörf á að meta rýmisþörf stöðvarinnar út frá verulega auknu magni og umferð og ekki síður vegna breyttrar og fyrirsjáanlega breyttri vinnslu í stöðinni. Kvörtunum yfir biðröðum hefur fjölgað mjög og brýnt að skoða stækkun stöðvarinnar. Í rekstrar – og eða fjárfestingaráætlun er ekki gert ráð fyrir stækkun enda liggja ekki fyrir nægjanlegar upplýsingar til að svo sé hægt.

Önnur fjárfesting í Gufunesi er m.a. hreifanleg vinnutæki – en um er að ræða endurnýjun gamla og úr sér genginna véla. Enn verður frestað aðstöðu fyrir lestun pappírgáma.

Gert er ráð fyrir árlegri fjárfestingarþörf vegna miðlægs tölvu- og bókhaldskerfis en slík fjárfesting getur sveiflast milli ára.

## Endurvinnslustöðvar

Starfsmannahús á endurvinnslustöðinni á Breiðhelli í Hafnarfirði er ónýtt og verður það endurnýjað á árinu 2018. Það fjármagn sem eftir er af fjárfestingarlánnum vegna síðustu breytinga á

endurvinnslustöðvunum verður nýtt í þessa framkvæmd (lán vegna móttöku skilgjaldskyldra umbúða á Breiðhelli og í Ánanaustum og stækkun Ánanausta og Blíðubakka í Mosfellsbæ).

Mjög brýnt er að fundin verði lausn fyrir Dalveg þar sem aðstaðan var skorin verulega niður fyrir nokkrum misserum. Stöðin í Jafnaseli er að verð of lítil og nauðsynlegt að skoða stækkunarmöguleika eða færslu stöðvarinnar. Íbúðabyggð við Ánanaust færir nær og nær stöðinni og þegar byrjaðar kvartanir vegna umferðar og hávaða. Er ekki ólíklegt að hentugt sé að flytja stöðina til, eða kosta til hljóðvarna við stöðina.

Frá árinu 2010 hefur úrgangur í gegnum endurvinnslustöðvarnar aukist um rúmlega 80%. Umferð hefur jafnframt aukist verulega og er orðið mjög erfitt um vik á sumum endurvinnslustöðvunum. Ástandið er sýnu verst á stöðinni á Dalvegi og er brýnt að sveitarfélögin setjist niður og skipuleggi kerfi endurvinnslustöðvanna í sameiningu þ.a. þjónusta þeirra sé svipuð hvað varðar aðgengi, opnunartíma, viðmót osfrv.

Gert er ráð fyrir að endurvinnslustöðin á Sævarhöfða víki vegna nýrra skipulagsáætlana í Reykjavík og er gert ráð fyrir að ný stöð rísi á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins á árunum 2018-2019. Í fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir byggingu þessarar stöðvar. Eðli máls samkvæmt hefur nákvæm útfærsla ekki verið ákveðin, en gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður haldist óbreyttur að svo stöddu.

## REKSTUR

### Tekjur

Árin 2018 og 2019 er gert ráð fyrir svipaðri sölu á metani en hún taki kipp um leið og gasgerðarstöðin hefur starfsemi – eftir 2019 verði söluaukning 12% á ári. Magnaukning úrgangs árin 2019 – 2022 er áætluð sú sama og %-fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu öllu. Þessi aukning er áætluð 1,2% á ári og er gert ráð fyrir að tekjur aukist í samræmi við aukið magn.

### Gjöld

#### Almennt

Laun taka breytingum skv. kjarasamningum þar sem slíkt er þekkt en annars skv. forsendum Reykjavíkurborgar um launavísitölu. Gert er ráð fyrir að breytingar á verktakasamningum séu í samræmi við áætlaðar gjaldskrárbreytingar, en hvert tilfelli skoðað fyrir sig. Almennur rekstrarkostnaður taki breytingum skv. neytluvísitölu.

SORPA hefur verið í samstarfsverkefni við Lífdísil hf. um móttöku og vinnslu á sláturúrgangi í nokkur ár – efni sem farið hafði að stærstum hluta í Gými. Verkefnið hefur gengið hægt og hefur áætluðum nafnaköstum ekki verið náð. Bilanir og skemmdir sem hafa orðið á búnaði vegna aðskotahluta í úrganginum sem erfitt hefur verið að koma í veg fyrir. Lífdísil hf. hefur óskað eftir að SORPA yfirtaki rekstur þess hluta er snýr að SORPU bs. Verði af þessum mun starfsmönnum fjölga á urðunarstaðnum en á móti kemur lækkaður verktakakostnaður vegna samninga við Lífdísil hf. Nettóáhrif eru því engin.

Áfram verður unnið að framkvæmd þeirra verkefna sem tiltekin voru í rekstrarúttekt á vegum eigenda og til sparnaðar horfir. Nokkur verkefni eru þegar komin í framkvæmd en önnur í undirbúningi.

Rétt er að hafa í huga að starfsleyfi urðunarstaðarins í Álfsnesi var felld úr gildi snemma árs 2017 af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Urðunarstaðurinn er nú rekin á undanþágu frá starfsleyfi

sem gefið er út af umhverfisráðuneytinu. Sú undanþága rennur út 24. október 2018. Nýtt starfsleyfi verður ekki gefið út nema fyrir liggi breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur. Sú breyting getur hins vegar ekki orðið nema að nýtt eigendasamkomulag hafi verið undirritað. **Verði ekki komið nýtt starfsleyfi eða framlengd undanþága þann 24. október 2018 mun öll starfsemi SORPU vegna urðunar í Álfsnesi stöðvast.**



### **Endurvinnslustöðvar / grenndargámar**

Umferð og magn um endurvinnslustöðvarnar hefur aukist verulega síðustu ár eins og fram er komið en tekjur af innheimtu í hliði hafa hafa ekki náð að þróast til jafns við þessa aukningu. Þó hefur innheimta í hliði aukist verulega. Brýnt er að eigendur og SORPA setjist yfir það fyrirkomulag sem gildir um endurvinnslustöðvarnar og skoðað sé hvort annað fyrirkomulag henti betur og sé til þess fallið að lækka kostnað.

Endurvinnslustöðvarnar eru reknar skv. sérstöku samkomulagi SORPU við öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Reksturinn er rekinn á núlli og hefur í sjálfu sér ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins þ.e.a.s. tekjur og gjöld endurvinnslustöðvanna standast á. Endurvinnslustöðvarnar afla eigin tekna m.a. af sölu inneignarkorta, sölu málma og umboðsgjaldi vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða fyrir Endurvinnsluna hf. Fyrsti áfangi að nýju kerfi skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða var tekin upp á miðju ári 2014 þegar móttökuskemma fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir var tekin í notkun á Breiðhelli í Hafnarfirði. Slík móttaka var einnig tekin í notkun á Ánanaustum á fyrri hluta árs 2015. Eftir að þessi nýja móttaka var tekin upp hefur fjöldi eininga aukist og hafa tekjur vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða aukist lítillega. Endurvinnslan hf. greiðir endurvinnslustöðvunum leigu fyrir skemmurnar í Ánanaustum og Breiðhelli. Tækjabúnaður sá sem notaður hefur verið á Ánanaustum fyrir þessa móttöku verður endurnýjaður og um leið tvöfaldaður árið 2018 og er það Endurvinnslan stendur straum af kostnaði við breytingarnar.

Mismun tekna og gjalda endurvinnslustöðvanna greiða sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. SORPA bs. rekur einnig s.k. grenndargámakerfi fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

Verkefnið var boðið út á árinu 2015 og tók nýr verktaki við verkefninu á árinu 2016. Verkefnið er vel skilgreint og ekki áætlað að kostnaður við verkefnið aukist umfram verðlag, nema þá sveitarfélögin óski eftir frekari þjónustu. Kostnaður við verkefnið skiptist mismunandi milli sveitarfélaganna en hvert sveitarfélag greiðir fyrir þessa þjónustu í samræmi við notkun (þ.e.a.s. fjölda gáma).

Til hagræðingar í rekstri endurvinnslustöðva var fyrirkomulagi við móttöku blandaðs úrgangs á endurvinnslustöðvunum breytt um áramótin 2015/2016. Bannað var að henda pappír og textíl í „pressanlegan“ úrgang á endurvinnslustöðvunum. Jafnframt var ekkil lengur leyfilegt að koma með úrgang í ógegnsæjum pokum sem ætlaður er í „pressanlega“ úrgang á endurvinnslustöðvunum. Ekki hefur tekist að sinna þessu verkefni nægjanlega vel, en þar sem það hefur verið í framkvæmd má sjá árangur. Áfram verður unnið að þessu verkefni. Rétt er þó að hafa í huga að íbúar bregðast mjög misjafnlega við leiðbeiningum starfsmanna.

### Álfsnes

Gerð reinar 20 var boðin út árið 2016 og klárast verkið á haustdögum 2017. Verður líklega hægt að hefja urðun í henni um áramót þegar búið er að ganga frá drenlögnum og botni. Gert hefur verið ráð fyrir að rein 20 entist út árið 2020 en vegna mikillar aukningar úrgangs, bæði sem fer í urðun (en einnig sem fer til endurvinnslu), eru áhöld um hvort reinin endist. Verkefnið er skilgreint sem fyrirframgreiddur kostnaður og er gjaldfært í takt við notkun reinarinnar.

### Gufunes - móttökustöð

Á tímabilinu 2018 – 2022 verður fyrirkomulagi við þjónustu í Gufunesi og Álfsnesi breytt í samræmi við breytt verklag þegar ný gas- og jarðgerðarstöð tekur til starfa. Ekki er gert ráð fyrri að slíkar breytingar hafi áhrif á heildar rekstrarkostnað. Þjónusta í móttökustöð mun hins vegar óhjákvæmilega breytast í takt við breytt verklag.

## SKULDSETNING OG KRÖFUR UM AFKOMU

Í samræmi við reglur sem settar eru í sveitarstjórnarlögum og viðmiðum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, má í töflu hér fyrir neðan sjá þau hlutföll sem miðað er við um skuldsetningu og afkomu (jafnvægisregla er reiknuð í milljónum) og hvernig áætlunin uppfyllir þessi viðmið.

Liður	Útkomuspá	Áætlunarár					Viðmið
		2017	2018	2019	2020	2021	
Framlegð/tekjur	18,3%	15,0%	14,7%	17,7%	17,8%	18,1%	> 15%
Veltufé frá rekstri/tekjur	18,6%	13,5%	13,3%	16,7%	17,2%	17,5%	> 7,5%
Heildarskuldir/reglulegar tekjur	25,4%	62,7%	55,2%	47,3%	44,3%	41,2%	< 150%
Jafnvægisregla (niðurstaða í 3 ár)	952	1.115	735	422	515	790	jákvætt

Skygðu reitirnir eru þar sem einstök skilyrði eru ekki uppfyllt. Rétt er þó að skoða öll skilyrðin til samans þegar þetta er metið.

## Rekstrarreikningur áætlun 2018 - 2022

	Ársreikningur 2016	Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2017	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
<b>Rekstrartekjur</b>								
Þjónustutekjur .....	3.322.491.044	1.793.151.441	3.742.964.393	3.864.465.902	3.917.923.493	4.114.938.575	4.179.317.838	4.245.969.652
Aðrar tekjur .....	3.065.382	2.210.576	4.068.526	7.000.000				
	<u>3.325.556.426</u>	<u>1.795.362.017</u>	<u>3.747.032.919</u>	<u>3.871.465.902</u>	<u>3.917.923.493</u>	<u>4.114.938.575</u>	<u>4.179.317.838</u>	<u>4.245.969.652</u>
<b>Rekstrargjöld</b>								
Laun og tengd gjöld .....	946.678.312	517.594.181	1.026.674.008	1.088.114.357	1.120.213.731	1.145.978.646	1.170.617.187	1.195.200.148
Annar rekstrarkostnaður .....	1.829.194.928	961.545.749	2.035.167.748	2.203.004.550	2.222.831.591	2.242.837.075	2.263.022.609	2.283.389.812
Afskriftir .....	148.413.718	79.745.304	184.529.021	337.790.001	483.400.000	488.140.000	438.670.000	430.180.000
	<u>2.924.286.958</u>	<u>1.558.885.234</u>	<u>3.246.370.777</u>	<u>3.628.908.908</u>	<u>3.826.445.321</u>	<u>3.876.955.722</u>	<u>3.872.309.796</u>	<u>3.908.769.961</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	401.269.468	236.476.783	500.662.142	242.556.994	91.478.172	237.982.853	307.008.041	337.199.691
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>								
Vaxtatekjur, verðbætur og arður, gengismunur .....	31.922.437	782.748	20.000.000	12.000.000	12.000.000	11.000.000	11.000.000	11.000.000
Vaxtagjöld og verðbætur og gengismunur .....	( 15.492.069)	( 3.521.264)	( 9.000.000)	( 70.000.000)	( 65.000.000)	( 50.000.000)	( 40.000.000)	( 35.000.000)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	922.192							
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	<u>17.352.560</u>	<u>( 2.738.516)</u>	<u>11.000.000</u>	<u>( 58.000.000)</u>	<u>( 53.000.000)</u>	<u>( 39.000.000)</u>	<u>( 29.000.000)</u>	<u>( 24.000.000)</u>
<b>Hagnaður ársins</b> .....	<u>418.622.028</u>	<u>233.738.267</u>	<u>511.662.142</u>	<u>184.556.994</u>	<u>38.478.172</u>	<u>198.982.853</u>	<u>278.008.041</u>	<u>313.199.691</u>

## Efnahagsreikningur

## Eignir

	Ársreikningur 2016	Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2017	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
<b>Fastafjármunir</b>								
Varanlegir rekstrarfjármunir:								
Gufunes móttökustöð .....	316.023.191	294.799.993	355.170.002	382.820.002	353.570.002	325.860.002	327.190.002	331.700.002
Álfsnes urðunarstöð/svæðisáætlun .....	569.538.156	659.139.765	935.229.996	2.870.129.996	2.748.439.996	2.591.299.996	2.508.139.996	2.422.829.996
Gufunes vélar og tæki .....	289.256.388	299.970.550	304.060.001	619.720.001	702.260.001	603.970.001	522.130.001	452.750.001
Endurvinnslustöðvar .....	440.595.963	433.662.258	435.640.001	485.420.001	710.750.001	780.930.001	749.680.001	719.010.001
	<u>1.615.413.698</u>	<u>1.687.572.566</u>	<u>2.030.100.000</u>	<u>4.358.090.000</u>	<u>4.515.020.000</u>	<u>4.302.060.000</u>	<u>4.107.140.001</u>	<u>3.926.290.000</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:								
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	23.790.843	23.790.843	23.790.843	23.790.843	23.790.843	23.790.843	23.790.843	23.790.843
Bundnar bankainnstæður .....	55.228.072	60.543.818	64.528.072	74.228.072	84.028.072	94.328.072	104.828.072	115.328.072
	<u>79.018.915</u>	<u>84.334.661</u>	<u>88.318.915</u>	<u>98.018.915</u>	<u>107.818.915</u>	<u>118.118.915</u>	<u>128.618.915</u>	<u>139.118.915</u>
<b>Fastafjármunir</b>	<u>1.694.432.613</u>	<u>1.771.907.227</u>	<u>2.118.418.915</u>	<u>4.456.108.915</u>	<u>4.622.838.915</u>	<u>4.420.178.915</u>	<u>4.235.758.916</u>	<u>4.065.408.915</u>
<b>Veltufjármunir</b>								
Skammtímakröfur:								
Viðskiptakröfur .....	196.869.290	214.874.551	190.000.000	196.000.000	198.500.000	208.500.000	210.000.000	215.000.000
Aðrar kröfur .....	7.431.478	4.179.514	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000
Kröfur á tengd félög .....	295.918.910	200.419.342	280.000.000	292.000.000	295.000.000	310.000.000	315.000.000	320.000.000
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	128.914.868	420.941.897	500.000.000	400.000.000	300.000.000	200.000.000	100.000.000	0
Handbært fé:								
Bankainnstæður .....	909.333.348	857.530.695	562.484.251	366.321.246	369.839.417	629.044.269	1.090.222.311	1.562.602.002
<b>Veltufjármunir</b>	<u>1.538.467.894</u>	<u>1.697.945.999</u>	<u>1.537.484.251</u>	<u>1.259.321.246</u>	<u>1.168.339.417</u>	<u>1.352.544.269</u>	<u>1.720.222.311</u>	<u>2.102.602.002</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>3.232.900.507</u>	<u>3.469.853.226</u>	<u>3.655.903.167</u>	<u>5.715.430.161</u>	<u>5.791.178.332</u>	<u>5.772.723.185</u>	<u>5.955.981.227</u>	<u>6.168.010.918</u>

## 31. desember ár hvert

## Skuldir og eigið fé

	Ársreikningur 2016	Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2017	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
<b>Eigið fé</b>								
Stofnfé .....	336.962.569	336.962.569	336.962.569	736.962.569	1.036.962.569	1.036.962.569	1.036.962.569	1.036.962.569
Óráðstafað eigið fé .....	1.856.528.330	2.090.266.597	2.368.190.472	2.552.747.466	2.591.225.638	2.790.208.491	3.068.216.533	3.381.416.223
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>2.193.490.899</b>	<b>2.427.229.166</b>	<b>2.705.153.041</b>	<b>3.289.710.035</b>	<b>3.628.188.207</b>	<b>3.827.171.060</b>	<b>4.105.179.102</b>	<b>4.418.378.792</b>
<b>Langtímaskuldir</b>								
Skuldir við lánaðofnanir .....	262.157.729	231.283.669	193.330.001	917.588.001	975.388.000	929.480.000	777.320.000	683.120.000
Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva .....	215.644.689	227.643.148	237.510.000	265.970.000	306.580.000	357.650.000	386.360.000	414.690.000
Skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað .....	57.522.125	63.081.373	66.822.125	76.522.125	86.322.125	96.622.125	107.122.125	117.622.125
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>535.324.543</b>	<b>522.008.190</b>	<b>497.662.126</b>	<b>1.260.080.126</b>	<b>1.368.290.125</b>	<b>1.383.752.125</b>	<b>1.270.802.125</b>	<b>1.215.432.125</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>								
Bankalán .....	0	0	0	600.000.000	200.000.000	0	0	
Viðskiptaskuldir .....	317.417.582	249.541.829	255.000.000	275.000.000	275.000.000	280.000.000	285.000.000	290.000.000
Ýmsar skammtímaskuldir .....	112.415.071	194.008.055	120.000.000	132.000.000	140.000.000	143.000.000	150.000.000	150.000.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	74.252.412	77.065.986	78.088.000	158.640.000	179.700.000	138.800.000	145.000.000	94.200.000
<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>504.085.065</b>	<b>520.615.870</b>	<b>453.088.000</b>	<b>1.165.640.000</b>	<b>794.700.000</b>	<b>561.800.000</b>	<b>580.000.000</b>	<b>534.200.000</b>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>1.039.409.608</b>	<b>1.042.624.060</b>	<b>950.750.126</b>	<b>2.425.720.126</b>	<b>2.162.990.125</b>	<b>1.945.552.125</b>	<b>1.850.802.125</b>	<b>1.749.632.125</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>3.232.900.507</b>	<b>3.469.853.226</b>	<b>3.655.903.167</b>	<b>5.715.430.161</b>	<b>5.791.178.332</b>	<b>5.772.723.185</b>	<b>5.955.981.227</b>	<b>6.168.010.917</b>

## Sjóðstreymi 2017 - 2021

Handbært fé frá rekstri	Ársreikningur 2016	Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2017	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Frá rekstri:								
Hagnaður af reglulegri starfsemi .....	418.622.028	233.738.267	511.662.142	184.556.994	38.478.172	198.982.853	278.008.041	313.199.691
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:								
Afskriftir .....	148.413.718	79.745.304	184.529.021	337.790.001	483.400.000	488.140.000	438.670.000	430.180.000
Sölu(hagnaður)/tap fastafármuna .....	402.357	( 71.286)	( 71.286)					
Áhrif hlutdeildarféлага .....	( 922.192)							
Verðb. og gengism. af eignum og skuldum .....	0							
	<u>566.515.911</u>	<u>313.412.285</u>	<u>696.119.877</u>	<u>522.346.995</u>	<u>521.878.171</u>	<u>687.122.853</u>	<u>716.678.041</u>	<u>743.379.691</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:								
Skammtímafrófur; lækkun (hækkun) .....	( 304.987.913)	( 211.280.758)	( 345.865.454)	82.000.000	94.500.000	75.000.000	93.500.000	90.000.000
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun) .....	136.932.972	13.874.559	( 54.832.653)	32.000.000	8.000.000	8.000.000	12.000.000	5.000.000
	<u>( 168.054.941)</u>	<u>( 197.406.199)</u>	<u>( 400.698.107)</u>	<u>114.000.000</u>	<u>102.500.000</u>	<u>83.000.000</u>	<u>105.500.000</u>	<u>95.000.000</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<u>398.460.970</u>	<u>116.006.086</u>	<u>295.421.770</u>	<u>636.346.995</u>	<u>624.378.171</u>	<u>770.122.853</u>	<u>822.178.041</u>	<u>838.379.691</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>								
Fjárfest í Gufunesi .....	( 84.983.075)	( 45.344.188)	( 170.000.000)	( 150.000.000)	( 45.000.000)	( 35.000.000)	( 35.000.000)	( 45.000.000)
Fjárfest í flokkun .....				( 340.000.000)	( 200.000.000)	( 30.000.000)	( 30.000.000)	( 30.000.000)
Fjárfest í gasgerðarlausn .....	( 173.229.040)	( 114.322.400)	( 400.000.000)	( 1.846.000.000)	( 100.000.000)	( 45.000.000)	( 45.000.000)	( 45.000.000)
Fjárfest í lóð .....				( 200.000.000)				
Fjárfest í gashreinsistöð og varabirgðum .....			( 15.000.000)	( 50.000.000)	( 50.000.000)	( 25.000.000)		
Fjárfest í brennslustöð / undirbúningur.....					( 10.000.000)	( 60.000.000)	( 150.000.000)	( 150.000.000)
Fjárfest í Álfsnesi og svæðisáætlun.....			( 20.000.000)	( 30.000.000)	( 10.000.000)	( 10.000.000)	( 15.000.000)	( 10.000.000)
Fjárfest í Endurvinnslustöðvum.....	( 70.297.324)	( 477.915)	( 10.000.000)	( 65.000.000)	( 250.000.000)	( 100.000.000)		
Söluverð fastafármuna.....	1.396.774	900.000	900.000					
Breyting langtímakrafna.....	0							
Breyting bundinna innstæðna.....	( 8.279.947)	( 4.701.881)	( 9.300.000)	( 9.700.000)	( 9.800.000)	( 10.300.000)	( 10.500.000)	( 10.500.000)
Fjárfest í eignarhlutum.....	0							
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<u>( 335.392.612)</u>	<u>( 163.946.384)</u>	<u>( 623.400.000)</u>	<u>( 2.690.700.000)</u>	<u>( 674.800.000)</u>	<u>( 315.300.000)</u>	<u>( 285.500.000)</u>	<u>( 290.500.000)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>								
Ábyrgðargjald v/urðunarstaða .....	8.801.300	4.945.383	9.300.000	9.700.000	9.800.000	10.300.000	10.500.000	10.500.000
Ný langtímalán vegna SORPU bs. ....		6.325.000	6.325.000	860.000.000				
Ný langtímalán vegna endurvinnslustöðvanna .....				65.000.000	250.000.000	100.000.000		
Greiddar afborganir langtímalána .....	( 80.320.100)	( 36.725.909)	( 78.290.723)	( 124.940.000)	( 171.140.000)	( 186.808.000)	( 145.960.000)	( 145.000.000)
Skammtíma bankalán .....			0	600.000.000	( 400.000.000)	( 200.000.000)		
Breyting á skuldbindingu v/endurvinnslustöðva .....	42.609.629	21.593.171	43.794.856	48.430.000	65.280.000	80.890.000	59.960.000	59.000.000
Stofnfjárukning vegna gasgerðarstöðvar .....				400.000.000	300.000.000			
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<u>( 28.909.171)</u>	<u>( 3.862.355)</u>	<u>( 18.870.867)</u>	<u>1.858.190.000</u>	<u>53.940.000</u>	<u>( 195.618.000)</u>	<u>( 75.500.000)</u>	<u>( 75.500.000)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>	<u>34.159.187</u>	<u>( 51.802.653)</u>	<u>( 346.849.097)</u>	<u>( 196.163.005)</u>	<u>3.518.171</u>	<u>259.204.853</u>	<u>461.178.041</u>	<u>472.379.691</u>
Handbært fé í byrjun tímabils .....	875.174.161	909.333.348	909.333.348	562.484.251	366.321.246	369.839.418	629.044.271	1.090.222.312
<b>Handbært fé í lok tímabils .....</b>	<u>909.333.348</u>	<u>857.530.695</u>	<u>562.484.251</u>	<u>366.321.246</u>	<u>369.839.418</u>	<u>629.044.271</u>	<u>1.090.222.312</u>	<u>1.562.602.003</u>



SAMÞYKKT 22.09.2017

Rekstraráætlun 2018

Sundurliðanir með áætlun - einstakar deildir

Deild 50 Endurvinnslustöðvar	Ársreikningur 2016	Áætlun 2017	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	<b>276.414</b>	<b>351.906</b>	<b>311.052</b>	<b>349.363</b>
Laun	225.735	266.863	242.292	277.779
Launatengd gjöld	50.679	85.043	68.760	71.584
<b>Annar starfsmannakostnaður</b>	<b>10.190</b>	<b>8.705</b>	<b>8.771</b>	<b>9.200</b>
Annar starfsmannakostnaður	10.190	8.705	8.771	9.200
<b>Rekstur, móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs</b>	<b>583.172</b>	<b>597.143</b>	<b>643.727</b>	<b>720.447</b>
Eyðingargjöld	331.694	323.892	367.729	412.330
Flutningar	189.058	207.272	215.152	241.247
Véla og gámaleiga	51.047	52.906	54.292	58.774
Innlend útboðsverk				
Rekstrarvörur	546	1.518	1.598	1.500
Landleiga og urðunargjald				
Innlend tæknaðstoð	6.129	7.291	2.821	2.898
Erlend tæknaðstoð				
Viðhald véla og tækja	4.505	4.136	2.043	3.500
Tryggingar véla og tækja				
Rannsóknarkostnaður og eftirlit	193	128	92	198
<b>Rekstur húsnæðis og lóðar</b>	<b>33.081</b>	<b>36.328</b>	<b>33.512</b>	<b>34.891</b>
Húsaleiga	-			
Rafmagn og hiti	4.325	4.663	4.429	4.548
Viðhald og rekstur húsnæðis	437	1.609	1.208	1.241
Viðhald lóðar	11.840	11.832	9.975	10.244
Fasteignagjöld og lóðarleiga	5.750	6.328	7.763	7.972
Snjómokstur / hálkueyðing	1.772	1.986	1.290	1.800
Hreinlætiskostnaður				
Annar húsnæðiskostnaður	8.957	9.910	8.847	9.086
Viðhald fasteigna og útivsvæðis				
Öryggisgæsla				
<b>Markaðs- og sölukostnaður</b>	<b>2.970</b>	<b>2.600</b>	<b>2.470</b>	<b>3.100</b>
Auglýsingar	2.910	2.500	2.370	2.750
Styrktarauglýsingar	60	100	100	100
Kynningarkostnaður/sölulaun				250
<b>Rekstur bifreiða og flutningatækja</b>	<b>3.576</b>	<b>4.197</b>	<b>4.210</b>	<b>4.094</b>
<b>Skrifstofu og stjórnunarkostnaður</b>	<b>46.348</b>	<b>56.872</b>	<b>50.590</b>	<b>56.300</b>
Viðhald skrifstofuáhalda	98	234	100	105
Aðk.akstur	2.448	2.787	1.339	2.500
Ritföng/prentun/bækur	1.642	1.816	1.637	1.719
Sími/burðargjöld	3.546	3.697	3.613	3.711
Ferða og fundakostnaður	448	1.057	280	465
Rekstur tölvubúnaðar	7.241	12.481	9.718	12.981
Aðkeypt þjónusta	28.201	31.592	31.479	32.329
Söluþap fastafjármuna				
Afskrifaðar tapaðar kröfur	468	469		
Annar kostnaður	2.256	2.739	2.424	2.490
Öfyrirséð				
<b>Annar rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>679.337</b>	<b>705.845</b>	<b>743.280</b>	<b>828.032</b>
<b>Afskriftir</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>955.751</b>	<b>1.057.751</b>	<b>1.054.332</b>	<b>1.177.395</b>

SAMÞYKKT 22.09.2017

TEKJUR ENDURVINNSLUSTÖÐVA	ársreikningur 2016	Áætlun 2017	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
Móttökugjöld- klippikort	85.037	120.459	103.534	118.044
Málmar	-	- 7.500	2.042	2.222
Endurvinnslan umboðslaun	51.705	57.338	54.766	60.182
Endurvinnslan húsaleiga	8.314	8.638	8.444	8.672
Úrvinnslusjóður / Efnamóttakan raftæki	35.594	20.596	30.940	34.571
Aðrar tekjur	5.402	12.792	14.244	15.916
Pappírssöfnun grenndargámar				
Endurgreiðslur bylgjupappa	5.412	5.923	6.255	6.989
Útseld þjónusta	14.107	13.161	12.529	13.999
<b>Samtals eigin tekjur</b>	<b>205.571</b>	<b>231.408</b>	<b>232.754</b>	<b>260.595</b>
<b>Innheimt hjá sveitarfélögunum</b>	<b>750.180</b>	<b>826.343</b>	<b>821.578</b>	<b>916.800</b>
<b>Samtals</b>	<b>955.751</b>	<b>1.057.751</b>	<b>1.054.332</b>	<b>1.177.395</b>
Greiðslur einstakra sveitarfélaga				
Skipting árið 2016/2017				
Reykjavíkurborg 58,13%	430.754	480.382	477.612	532.968
Hafnarfjörður 13,12%	99.568	108.379	107.754	120.243
Kópavogur 15,50%	119.940	128.123	127.385	142.149
Garðabær 6,79%	51.716	56.072	55.748	62.210
Mosfellsbær 4,36%	32.669	36.030	35.822	39.974
Seltjarnarnes 2,10%	15.550	17.357	17.256	19.256
<b>100,00%</b>	<b>750.197</b>	<b>826.343</b>	<b>821.578</b>	<b>916.800</b>

Grenndargámakerfi SORPU og sveitarfélaganna

	Ársreikningur 2016	Áætlun 2017	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
<b>Tekjur vegna grenndargámakerfis</b>		<b>44.299</b>	<b>45.266</b>	<b>49.559</b>
Efnissala plasts		1.491	4.102	4.252
Greiðslur sveitarfélaga	43.246	42.808	41.164	45.307
<b>Gjöld vegna grenndargámakerfis</b>		<b>44.299</b>	<b>45.265</b>	<b>49.559</b>
Gámaleiga	13.069	11.207	18.133	19.832
Flutningur	24.450	30.803	22.606	24.468
Móttökugjöld	343	449	568	666
Annað (þríf, viðhald, þóknun osfrv.)	5.385	1.840	3.958	4.593
<b>ÁÆTLUÐ SKIPTING KOSTNAÐAR MILLI SVEITARFÉLAGANNA VEGNA GRENNDARGÁMAKERFIS</b>		<b>42.808</b>	<b>41.164</b>	<b>45.307</b>
Reykjavíkurborg	32.474	32.014	30.785	33.883
Kópavogur	907	3.102	2.983	3.283
Hafnarfjörður	3.475	4.545	4.370	4.810
Garðabær	1.394	1.580	1.520	1.673
Mosfellsbær	4.172	719	691	761
Seltjarnarnesbær	827	848	815	897

Áætlaður kostnaður sveitarfélaganna vegna endurvinnslustöðva og grenndargámakerfis

Reykjavíkurborg	463.228	512.396	508.397	566.851
Hafnarfjörður	103.043	112.924	110.737	125.053
Kópavogur	120.847	131.225	131.755	145.431
Garðabær	53.110	57.652	57.268	63.882
Mosfellsbær	36.841	36.749	36.513	40.735
Seltjarnarnesbær	16.377	18.204	18.072	20.154
<b>SAMTALS GREIÐSLUR SVEITARFÉLAGA</b>	<b>793.443</b>	<b>869.151</b>	<b>862.742</b>	<b>962.107</b>